

Leiðbeiningar um val í INNU til nemenda

FYRSTA SKREF

1. Til að komast í INNU þarftu að hafa notandanafn og aðgangsorð. Notandanafnið er kennitalan þín og ef þig vantar aðgangsorð geturðu sótt það með því að smella á „gleymt lykilorð“, þá færðu nýtt lykilorð sent í tölvupósti.
2. Upplýsingar um þá áfanga sem eru í boði og framvindu í verknámi og bóknámi er að finna á heimasíðu skólans en hafa einnig verið sendar nemendum í tölvupósti.
3. Þú getur prentað út eða skrifað niður hvaða áfanga þú vilt taka á næstu önn af þeim sem í boði eru. Þú getur líka skoðað hvaða áfangar eru á þinni braut á heimasíðu skólans (undir Námið - Brautir)
4. Þú átt að velja 17-19 einingar í aðalval (u.þ.b. 5-6 áfanga með íþróttum).
5. Þú átt að velja 2-3 áfanga til að hafa sem **VARAVAL**. Athugaðu að þú verður að vera búin/n með undanfara

ANNAÐ SKREF

1. Opnaðu INNUNA frá heimasíðu skólans. Stundataflan þín kemur upp
2. Smelltu á NÁMSFERILL (á borðanum vinstra megin)
3. Smelltu á SKRÁ ÁFANGA (grár hnappur, ofarlega, hægra megin)
4. Staðfestu að önnin sé rétt, **20151** Dagskóli (Velja)
5. Skráðu einn áfanga í einu. Veldu áfangann, aðeins eru sjáanlegir þeir áfangar sem eru í boði.
6. **Tilgreindu** uppbyggingu, þ.e. hvort áfanginn er **KJARNI, KJÖRSVIÐ eða VAL**
7. Veldu AÐALVAL eða VARAVAL
8. Smelltu á NÝSKRÁ
9. Ef þú gerir villu eða þarft að eyða áfanga: Smelltu á áfangann og veldu EYÐA. Ef þú vilt eyða öllu og byrja upp á nýtt: Smelltu á NÁMSFERILL og svo EYÐA ÁÆTLUN (efst í hægra horni)
10. Ath. allir þurfa að velja íþróttir!

Umsjónarkennarar aðstoða nemendur yngri en 18 ára við valið. Eldri nemendur geta leitað aðstoðar hjá námsráðgjöfum eða aðstoðarskólameistara. Það er mikilvægt að allir nemendur sem ætla sér að stunda nám í skólanum á vorönn velji áfanga til að vera með í pottinum þegar stundataflan er gerð.

Vali þarf að vera lokið í síðasta lagi **miðvikudaginn 30. október**. Ef þú hefur ekki gengið frá valinu þá, verður litið svo á að þú ætlir ekki að koma í skólann á vorönn = enginn gíróseðill = engin stundatafla.

Gangi þér vel,
aðstoðarskólameistari.